



## Borgarstjórn

### **Álagningarhlutfall útsvars tekjuárið 2024**

Lagt er til að álagningarhlutfall útsvars tekjuárið 2024 verði hækkað úr 14,74% í 14,97% og er það hækkun um 0,23 prósentustig frá því sem lagt var fram í október sl. með fjárhagsáætlun ársins 2024.

### **Greinargerð**

Tillagan byggir á 23. og 24. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga með síðari breytingum. Tillagan felur í sér hækkun á álagningarhlutfalli útsvars tekjuárið 2024 um 0,23 prósentustig. Forsenda hækkunarinnar er aukið framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks en álagningarprósenta milli ára til Jöfnunarsjóðs hækkar úr 1,21% í 1,44% eða um 0,23 prósentustig. Um tilfærslu skatttekna er að ræða frá ríkinu og lækka tekjur ríkissjóðs um samsvarandi prósentu. Breytingin kemur ekki til hækkunar á álögum á íbúa sveitarfélagsins.

Dagur B. Eggertsson